

Vegagerðin, Vestursvæði  
Borgarbraut 66  
310 Borgarnes

Akureyri, 28. september 2020  
UST202003-222/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Vegagerðin Ísafirði - Reglubundið eftirlit þann 19.8.2020, hjá Bikstöð Vegagerðarinnar, Ísafirði**

Þann 19. ágúst sl. fór fram eftirlit í bikstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða að viðloðunarefni stóð utan lekavaþróar, tryggingaskírteini vantar og uppfærsla á áhættumati vegna bráðamengunar vantar. Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Stærð lekavarnarþróar nær ekki 90% af stærð stærsta geymis skv. ákvæðum starfsleyfis
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2015. Þó skiljurnar séu þjónustaðar reglulega þarf samt sem áður að gera mælingu skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Skv. rekstraraðila mun mæling fara fram á næstu vikum.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Þrýstiprófa skal lagnir á 5 ára fresti. Þrýstiprófa átti löndunarbarka árið 2019 en í ljós kom að ekki er hægt að þrýstiprófa þá með venjubundnum aðferðum. Rekstraraðili skal leggja fram aðrar tillögur um viðeigandi prófanir á börkunum til eftirlitsaðila til samþykktar.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. október 2020.**

Virðingarfyllst

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

*Gottskálk Friðgeirsson*

Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Ísafirði



Dags eftirlits	19.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Dagverðardal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Brynjar Ásvaldsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Mar Óskarsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram við eftirlit er varða stærð lekavarnarþróar, mælingu á fráveituvatni vantar og að þrýstiprófunum löndunarbarka er ekki lokið. Þrjár ábendingar voru settar fram um að viðloðunarefni stóð utan lekavaþróar, tryggingaskírteini vantar og uppfærsla á áhættumati vegna bráðamengunar vantar.

## UMFANG EFTIRLITS

### Umfang eftirlitsins verður m.a. eftifarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Rekstrarhandbók
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða frávika frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlunar og viðbrögð
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og mælingar skv. 3. kafla.

Rekstrarhandbók var yfirfarin og skráningar sem eiga að vera aðgengilegar í henni skv. starfsleyfi skoðaðar. Haldið er utan um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði s.s. hreinsivirki í frárennsli og lekavarnarbúnaði í dagbók og fært er inn í hana jafnóðum. Starfsleyfi, flæðirit og afstöðumynd var aðgengilegt í rekstrarhandbók. Engin mengunarhöpp hafa verið skráð frá síðasta eftirliti og engar kvartanir eða ábendingar hafa borist um slíkt til Umhverfisstofnunar.

Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða var sent sem viðhengi með fundarboðinu. Var það yfirfarið í eftirlitinu og uppfært miðað við núverandi stöðu.

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits. Sex frávik komu fram við síðasta eftirlit og hefur verið brugðist við þeim öllum með úrbótaáætlun sem samþykkt var þann 1. nóvember sl. Við eftirlit kom fram að fullnægjandi úrbætur hafa farið fram við öll frávik nema tvö þar sem ekki var búið að mæla fráveituvatn frá olíuskilju skv. gr 3.2 í starfsleyfi og að lekavarnarþró er uppfyllir enn ekki ákvæði gr. 2.1 í starfsleyfi hvar varðar stærð.

Undanþága frá ákvæði 2.2. í starfsleyfi varðandi frágang áfyllingarplana rann út 1. janúar 2019. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og er það í vinnslu innan stofnunarinnar.

Olíugeymar voru þykktarmældir 2011 (bikgeymir) og 2015 (lysisegeymir). Með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur krafa um botnþykktarmælingar á jarðbiksgeymum á 10 ára fresti verið feld út en ákvæðið er þó enn gilt í starfsleyfi. Því þarf að óska eftir breytingu á starfsleyfi til eftirlitsaðila, ef ekki verður farið í botnþykktarmælingar árið 2021. Bykktarmæla þarf aðra geyma á a.m.k. 10 ára fresti. Þrýstiprófanir á löndunarþórkum voru fyrirhugaðar á síðasta ári en þegar málið var skoðað betur þá er ógerningur að þrýstiprófa barkana með venjubundnum aðferðum þar sem þeir þenast út við aukinn loftþrysting og þrystingur í þeim fellur. Rekstraraðili er beðin um að leggja fram tillögur um viðeigandi prófanir á borkunum og leggja þær til eftirlitsaðila til samþykktar skv. 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Sýni verða tekin úr olíuskiljum á næstu vikum og þau send í greiningu. Skiljurnar eru tæmdar árlega og fylgst með þeim reglulega þess á milli. Litið var ofan í skiljurnar í eftirlitinu og litu þær vel út.

Áhættumat vegna bráðamengunar liggur fyrir en skv. ábendingu í síðasta eftirliti átti að uppfæra áætlunina m.t.t. nýs starfsmanns í stöðinni o.fl. Hefur því ekki verið lokið. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa voru sendar með fundarboðinu en kynning á því fór fram í síðasta eftirliti.

Tryggingaskírteini lá ekki fyrir í rekstrarhandbók og var ekki aðgengilegt þegar eftirlitið fór fram en skv. rekstraraðila er tryggingin í gildi. Staðfest afrit tryggingaskýrteinis með gilistíma til 30.04.2021 var sent til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 1. sept. sl.

Grjótfylltar netakörfur hafa verið settar á hafnarbakkann umhverfis bikgeyminn til varnar mengunar til sjávar. Steypt þró er umhverfis bik og lýsisgeymana og að sögn rekstraraðila er hún nú  $520\text{m}^3$  að stærð sem er um 67% af rýmd stærsta geymis. Skv. gr 2.1 í starfsleyfi skal olíuheld lekavörn vera að lágmarki 90% af rúmtaki stærsta geymis, sem er skv. ákvæðum starfsleyfis  $780\text{m}^3$ . Séu fleiri en einn geymir í sömu lekavörn skal rúmtak hennar vera auk ofangreinds, viðbætt rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.

Til stendur að setja viðloðunarefnin (TPH og Impact) í  $10.000\text{L}$  geymi sem stendur innan lekavarnarþróar. En eru þau efni nú geymd í  $1.000\text{L}$  bömbum. Er eftirlitið fór fram stóðu tveir bambar með viðloðunarefni utan lekavarnarþróar og er gerð ábending um að þeir skulu vera geymdir innan þróar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.1 í starfsleyfi	Stærð lekavarnarþróar nær ekki 90% af stærð stærsta geymis skv. ákvæðum starfsleyfis
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Mæla skal olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2015. Þó skiljurnar séu þjónustaðar reglulega þarf samt sem áður að gera mælingu skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Skv. rekstraraðila mun mæling fara fram á næstu vikum.
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Þrýstiprófa skal lagnir á 5 ára fresti. Þrýstiprófa átti löndunarbarka árið 2019 en í ljós kom að ekki er hægt að þrýstiprófa þá með venjubundnum aðferðum. Rekstraraðili skal leggja fram aðrar tillögur um viðeigandi prófanir á borkunum til eftirlitsaðila til samþykktar.

## ÁBENDINGAR


Ábending er gerð um að tveir bambar með viðloðunarefni stóðu utan lekavarnarþróar. Geyma skal allt viðloðunarefni innan þróar. Tryggingarskírteini var ekki til staðar við eftirlit og er sett fram ábending hvað það varðar. Einnig er sett fram ábending um að enn eigi eftir að uppfæra áhættumat vegna bráðamengunar skv. ábendingum í fyrra eftirliti.

## ANNAÐ

Rekstraraðili hyggst byggja yfir lýsis- og viðloðunarefnsgeyma og voru teikningar af þeirri byggingu sendar eftirlitsaðila að eftirliti loknu. □

Rekstraraðila er bent á að sækja þurfi um breytingu á ákvæði gr. 3.2 í starfsleyfi til samræmis við 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Að öðrum kosti þarf að botnþykktarmæla bikgeymi næst árið 2021.

Reykjavík, 28.09.2020

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.